

Sþ.

49. Tillaga til þingsályktunar

[47. mál]

um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson,
Jón Ármann Héðinsson, Eðvarð Sigurðsson, Sveinn Guðmundsson,
Kristján Thorlacius, Karl Guðjónsson, Ágúst Þorvaldsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um veg- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt afla megi fjár til að framkvæma verkið.

Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að tímabært sé nú að hefjast handa um undirbúning lokasóknar að því marki, að akfært verði umhverfis landið. Fjallar þáttill. um, að skorað verði á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um vegagerð og brúagerð á Skeiðarársandi og tillögur um, á hvern hátt aflað verði fjár til að framkvæma verkið. Leggja flm. áherzlu á, að áætlun þessari og tillögugerð verði hraðað svo, að hafa megi til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Með byggingu brúarinnar á Jökulsá á Breiðamerkursandi var stórt skref stigið í þessu máli, og í framhaldi af því þyrfti nú einmitt að hefja lokasóknina.

Verður þá stærsta átakið að leggja akveg um Skeiðarársand og brúa vötn þau hin miklu, sem þar renna. Talið er, að með þeirri tækni, sem menn ráða nú yfir, sé þetta mögulegt. Verður þá spurningin: Hvernig á að haga þessum framkvæmdum, hvað kosta þær og hvernig á að afla fjár til þeirra?

Flutningsmenn eru þeirra skoðunar, að hér megi miklu til kosta, því að engin ein framkvæmd af líkri stærð og sú, sem hér kemur til greina, getur valdið annarri eins þjóðlífsbreytingu á Íslandi og opnun landleiðarinnar yfir Skeiðarársand, en sú framkvæmd er stærsti áfanginn af því, sem eftir er óunnið til þess að koma hringvegi um landið.

Allt viðhorf til ferðalaga í landinu mundi gjörbreytast og aðstæður batna við þessar framkvæmdir, svo að byltingu mætti kalla.

Fjárhagslega mundu þessar framkvæmdir vafalaust verða stórfelldur búhnykkur fyrir þjóðina, því að þær hlytu að stórauka ferðamannastrauminn í landinu framvegis, ekki aðeins straum erlends ferðafólks, heldur engu síður ferðalög innlendra manna, og það hefur ekki minni þýðingu. Fátt styður betur þjóðarbúskap framtíðarinnar en einmitt það, að þjóðin ferðist mikið í sínu eigin landi fremur en öðrum löndum, því að ferðapjónusta í óteljandi myndum, ekkert síður í þágu innlendra en erlendra, verður vaxandi liður í búskap velmegandi þjóða framvegis.

Þá skiptir það ekki minna máli, að þessi framkvæmd mundi veita íbúum landsins mikinn unað, gera vistina í landinu enn skemmtilegri en áður og verða sterkur þáttur í því að tengja þjóðina landi sínu enn fastari höndum en fyrr. En á því er hin ríkasta nauðsyn, því að á þann hátt er bezt tryggð framtíð frjálsrar þjóðar á Íslandi.

Um þýðingu þessarar framkvæmdar fyrir atvinnulíf landsins þarf tæpast að fjölyrða, því að mönnum er vafalaust ljóst, hvílik lyftistöng þetta yrði þeim stórfellda atvinnurekstri, sem nú er rekinn á Austurlandi í þágu allrar þjóðarinnar, og öllum þeim atvinnurekstri annars staðar í landinu, sem við hann er tengdur.

Hér er um svo stórfellt þjóðmál að ræða, að setja ætti það í flokk þeirra mála, sem þjóðin yrði að vera búin að leysa, þegar hún 1974 minnst ellefu hundrað ára búsetu sinnar í landinu.

Nánar í framsögu.